

## Notkun heimila og einstaklinga á tæknibúnaði og Interneti árið 2005

*Samantekt* Tölvu- og internetnotkun einstaklinga er afar útbreidd á Íslandi. Árið 2005 notuðu 88% Íslendinga tölvu og 86% þeirra internet. Árið 2005 líkt og fyrri ár var internetið helst notað til samskipta og upplýsingaleitar. Enn fjölgar einstaklingum sem panta og kaupa vörur eða þjónustu um internet en árið 2005 höfðu 28% einstaklinga pantað eða keypt um internet.

Nærri níu af hverjum tíu heimilum á Íslandi höfðu tölvu og 84% heimila voru tengd interneti árið 2005. Enn fjölgar í hópi nettengdra heimila sem nota háhraðatengingu (ADSL, SDSL eða annars konar xDSL tengingu), en þeim hefur fjölgað úr 26% árið 2002 í 73% árið 2005. Heimili með börn yngri en 16 ára eru líklegri til að hafa ýmsan tæknibúnað heldur en heimili, þar sem allir heimilismenn eru 16 ára eða eldri. Þannig voru 97% heimila með börn yngri en 16 ára með tölvu og 94% þeirra með internettengingu. Á heimilum án barna höfðu 83% tölvu og 76% þeirra voru tengd interneti. Tekjur heimilis hafa áhrif á val á internettengingu. Af þeim nettengdu heimilum sem lægst höfðu tekjurnar var rétt rúmlega helmingur með háhraðatengingu árið 2005 en hlutfallið var 92% meðal nettengdra heimila með hæstu tekjurnar.

Árið 2004 var hlutfall heimila með tengingu við internet hvergi hærra í Evrópu en á Íslandi. Það ár voru 81% íslenskra heimila tengd interneti, 69% í Danmörku en í Þýskalandi, Noregi, Lúxemborg og Bretlandi 56–60%. Lægst var hlutfall heimila með tengingu við internet í Tyrklandi, 7%. Mun algengara er að Norðurlandabúar noti internet en aðrir íbúar Evrópu. Um helmingur íbúa Evrópusambandsins notaði internet árið 2004 en hlutfallið var 70% í Finnlandi, 75% í Noregi, 76% í Danmörku og hæst var það í Svíþjóð og á Íslandi eða 82%.

Hér á eftir verður fjallað um tæknibúnað á heimilum á Íslandi árið 2005 og tölvu- og internetnotkun einstaklinga. Skoðað er hvaða aðgerðir fólk hefur framkvæmt í tölvu og á interneti og í hvaða tilgangi það nýtir sér internetið. Þá er útbreiðsla internetnotkunar á Íslandi og í öðrum Evrópulöndum borin saman.

### Inngangur

*Hlutverk svarenda* Hagstofa Íslands gerði í febrúar 2005 fjórðu könnun sína á notkun heimila og einstaklinga á tæknibúnaði og interneti. Líkt og í fyrri könnunum voru viðmælendur annars vegar spurðir um tæknibúnað á heimili og hins vegar um þeirra eigin notkun á tölvu og interneti.

*Spurningalisti og gagnaöflun* Við gerð spurningalista var stuðst við samræmdan spurningalista Eurostat, hagstofu Evrópusambandsins. Niðurstöður Hagstofu Íslands eru því samanburðarhæfar við niðurstöður kannana í löndum Evrópusambandsins sem og á hinum Norðurlöndunum. Um símakönnun var að ræða en u.þ.b. viku áður en úthringingar hófust



sendi Hagstofan bréf til þátttakenda þar sem tilgangur og framkvæmd könnunarinnar voru kynnt. Öllum var frjálst að neita þátttöku.

*Úrtak og heimtur* Úrtakið náði til 2.000 einstaklinga, sem er sami fjöldi og í könnunum árinna 2003 og 2004. Í úrtökuramma voru einstaklingar sem við upphaf könnunar voru á aldrinum 16–74 ára og höfðu lögheimili á Íslandi. Svörun var góð eða ríflega 81% af hreinni úrtaksstærð (tafla 1).

**Tafla 1. Úrtak og svörun 2005**

	Heimili		Einstaklingar	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
<b>Úrtak</b>	<b>2.000</b>	<b>100,0</b>	<b>2.000</b>	<b>100,0</b>
Látnir	–	–	–	–
Búsettir erlendis	38	1,9	45	2,3
Hrein úrtaksstærð	1.962	98,1	1.955	97,8
<b>Hrein úrtaksstærð</b>	<b>1.962</b>	<b>100,0</b>	<b>1.955</b>	<b>100,0</b>
Svarendur	1.604	81,8	1.588	81,2
Neita	193	9,8	193	9,9
Veikir eða ófærir um að svara	25	1,3	26	1,3
Fjarverandi	35	1,8	43	2,2
Finnast ekki	102	5,2	102	5,2
Aðrar ástæður	3	0,2	3	0,2

*Framsetning niðurstaðna* Niðurstöður mælinga á tæknibúnaði á heimilum eru settar fram eftir búsetu, heimilisgerð og tekjum heimilis. Niðurstöður mælinga á notkun einstaklinga á tölvum og interneti eru settar fram eftir kyni, aldri, búsetu, menntun og atvinnu. Allar heildarstærðir og hlutfallsskiptingar einstaklinga eru metnar með því að veita hvert svar með tilliti til aldurs og kyns.

*Hugtök* Við framsetningu niðurstaðna er stuðst við eftirfarandi hugtök:

**Aldur.** Miðað er við aldur svarenda á upphafsdegi rannsóknar. Upphafsdagur rannsóknar miðast við fyrsta úthringingardag.

**Atvinna.** Við birtingu niðurstaðna eftir atvinnu svarenda er miðað við þrjá flokka:

- Námsmenn
- Starfandi (launþegar, sjálfstæðir atvinnurekendur og fólk starfandi í fjölskyldufyrirtæki án launa)
- Aðrir (ellilífeyrisþegar, heimavinnandi án launaðrar vinnu, öryrkjar, bótaþegar og atvinnulausir)

**Barn.** Þegar flokkað er eftir heimilisgerð eru einstaklingar yngri en 16 ára taldir börn.

**Búseta.** Stuðst er við upplýsingar úr þjóðskrá þegar flokkað er eftir búsetu. Til höfuðborgarsvæðis teljast eftirtalin sveitafélög: Reykjavík, Seltjarnarnes, Hafnarfjörður, Álftanes, Garðabær, Kópavogur og Kjósarhreppur.

**Menntun.** Í könnunum Hagstofunnar er spurt um hæstu prófgráðu þátttakenda. Flokkað er í þrjá flokka og er við það tekið mið af alþjóðlegri menntunarflokkun *ISCED 97*. Þannig samsvarar fyrsti flokkur Hagstofunnar *Grunnnám* stigum 1 og 2

í *ISCED*-flokkunarkerfinu, annar flokkur *Framhaldsnám* samsvarar *ISCED*-stigum 3 og 4 og þriðji flokkurinn *Háskólanám* samsvarar *ISCED*-stigum 5 og 6.

**Tekjur heimilis.** Með tekjum heimilis er átt við heildartekjur allra heimilismanna á mánuði fyrir skatt í íslenskum krónum. Við birtingu niðurstaðna eftir tekjum heimilis er miðað við sex flokka:


- 0–149 þúsund
- 150–299 þúsund
- 300–449 þúsund
- 450–599 þúsund
- 600–749 þúsund
- 750 þúsund eða meira

## Tæknibúnaður á heimilum

*Tæknibúnaður* Líkt og fyrri kannanir hafa sýnt eru nær öll heimili á Íslandi með sjónvarp (98%) og farsíma<sup>1</sup> (98%). Mikill meirihluti heimila er með myndbandstæki (90%), tölvu (89%) og tengingu við internet (84%). Þrjú af hverjum fjórum heimilum hafa DVD spilara, 42% eiga leikjatölvu, fjórðungur heimila á MP3 spilara og á 6% heimila er til lófatölva. 40% heimila geta tekið á móti stafrænum sjónvarpssendingum, 6% eru með gervihnattadisk og 7% heimila hafa aðgang að kapalsjónvarpi. Farsími með internettengingu er til á 42% heimila og á 56% heimila á Íslandi eru allir heimilismenn með sinn eigin farsíma (mynd 1).

*Börn tæknivæða heimilin* Heimili með börn yngri en 16 ára eru líklegri til að hafa ýmsan tæknibúnað en heimili, þar sem allir heimilismenn eru 16 ára eða eldri. Þannig eru nær öll heimili með börn yngri en 16 ára með tölvu (97%) á móti 83% barnlausra heimila. Nær öll heimili með börn yngri en 16 ára eru tengd internetinu eða 94% á móti 76% heimila án barna. Myndbandstæki, DVD spilarar og leikjatölvur eru einnig algengari á heimilum þar sem börn eru. Árið 2005 voru 93% heimila með börn með myndbandstæki, 85% með DVD spilara og 65% með leikjatölvu en á heimilum án barna yngri en 16 ára höfðu 87% myndbandstæki, 65% þeirra voru með DVD spilara og tæplega fjórðungur átti leikjatölvu (mynd 1).


<sup>1</sup> Átt er við farsíma almennt, þ.e bæði með og án möguleika á tengingu við internetið.

**Mynd 1. Upplýsingatæknibúnaður á heimilum eftir heimilisgerð 2005**

*Hlutfall heimila með internettengingu hæst á Íslandi*

Í samanburði við önnur lönd Evrópu er hlutfall heimila með tengingu við internet hvergi hærra en á Íslandi. Árið 2004 voru fjögur af hverjum fimm heimilum á Íslandi tengd interneti. Næsthæst var hlutfallið í Danmörku þar sem 69% heimila voru tengd interneti þetta sama ár. Svipað hlutfall heimila í Bretlandi, Lúxemborg, Noregi og Þýskalandi var með tengingu við internet árið 2004 eða 56–60%. Hlutfall nettengdra heimila á Írlandi, í Austurríki, Slóveníu og Finnlandi var á bilinu 40–51% árið 2004. Þetta sama ár gat þriðjungur heimila í Eistlandi, Frakklandi, á Spáni og á Ítalíu og fjórðungur heimila í Portúgal og Póllandi tengst interneti. Hlutfall nettengdra heimila í öðrum löndum var nokkuð lægra árið 2004 eða 17% í Grikklandi, 15% í Lettlandi, 14% í Ungverjalandi, 12% í Litháen, 10% í Búlgaríu og 7% í Tyrklandi (mynd 2).

## Mynd 2. Nettengd heimili í Evrópu 2004




### Enn fjölgar heimilum með hraðvirkar tengingar

Algengustu tegundir internettengingar á íslenskum heimilum eru upphringimódem, ISDN og xDSL<sup>1</sup>. Tvær fyrrnefndu tengingarnar hafa verið á undanhaldi síðastliðin ár en í staðinn hefur hlutfall heimila með xDSL tengingu þrefaldast frá því Hagstofan hóf mælingar sínar árið 2002. Það ár notaði fjórðungur nettengdra heimila xDSL tengingu en meirihlutinn eða 68% nettengdra heimila var með módem eða ISDN tengingu. Ári síðar var hlutfall heimila með módem eða ISDN orðið 58% og hlutfall heimila með xDSL tengingu var 40%. Árið 2004 höfðu hlutföllin snúist við en þá var hlutfall heimila með xDSL tengingu orðið 54% á móti 41% heimila sem höfðu módem eða ISDN tengingu. Í mælingum Hagstofunnar í febrúar sl. voru 73% nettengdra heimila með ADSL eða annars konar xDSL tengingu en tæplega fjórðungur nettengdra heimila tengdust interneti um módem eða ISDN (mynd 3).

<sup>1</sup> xDSL verður hér eftir notað sem samnefni fyrir ADSL, SDSL eða annars konar xDSL tengingar.

### Mynd 3. Tegund internettengingar á heimilum 2002–2005




*Aðrar tegundir tenginga afar sjaldgæfar*

Aðrar tegundir tenginga svo sem um kapal eða farsíma eru sem áður mun sjaldgæfari. Árið 2005 tengdust einungis 2% nettengdra heimila interneti um kapal eða breiðband og hlutfall heimila sem notar *WAP* eða *GPRS* tengingar var vart mælanlegt (sjá nánar í töflu 4).

*Hraðvirkari tengingar algengari á höfuðborgarsvæði, á heimilum með börn og á tekjuhærri heimilum*

Algengara er að heimili á höfuðborgarsvæðinu (78%) noti xDSL tengingu heldur en heimili á landsbyggðinni (64%). Hins vegar er algengara að heimili á landsbyggðinni (33%) noti módem eða ISDN til að tengjast interneti heldur en heimili á höfuðborgarsvæðinu (18%). 77% nettengdra heimila með börn yngri en 16 ára nota xDSL tengingu og fimmtungur þeirra notar módem eða ISDN á móti 68% nettengdra heimila án barna yngri en 16 ára sem nota xDSL og 27% sem nota módem eða ISDN. Tekjur heimilis hafa áhrif á val internettengingar. Rétt rúmlega helmingur nettengdra heimila með lægstu tekjurnar er með xDSL tengingu en hlutfallið er 92% nettengdra heimila í tekjuhæsta hópnum (mynd 4).

### Mynd 4. Tegund internettengingar á heimilum eftir búsetu, heimilisgerð og tekjum heimilis 2005



Á nær öllum heimilum er farið á internetið um tölvuna

Líkt og niðurstöður fyrri kannana Hagstofunnar hafa sýnt er langalgengast að tölvan sé notuð til að tengjast internetinu eða í 99% tilvika. Einstaka heimili notar fleiri en eitt tæki til að tengjast interneti (yfirlit 1).

### Yfirlit 1. Tæki notað til að tengjast interneti 2005


Hlutfall %	Stafr.sjónv./					Annað/ veit ekki
	Tölva	Lófatölva	myndlykill	Farsími	Leikjatölva	
Alls	99	0	0	1	0	0

**Merking tákna:** 0 talan er minni en helmingur þeirrar einingar sem notuð er. Hlutfall heimila með internet-tengingu.

Sumir vilja ekki internetið inn á heimilið

Rétt tæplega helmingur þeirra heimila sem ekki hafa tengingu við internet segir internetið óæskilegt, um fimmtungur hefur aðgang að interneti annars staðar og svipað hlutfall sagði internetið vera of flókið fyrirbæri. Eitt af hverjum tíu þessara heimila setti kostnaðinn við tengingu eða tækjabúnað fyrir sig og 2% óttuðust um öryggi internets. Um þriðjungur þeirra, sem ekki höfðu tengingu við internet á heimilinu, svaraði því svo að ástæðan væri óþekkt eða að hún væri önnur en þær sem tilgreindar voru í könnuninni (mynd 5).

### Mynd 5. Ástæða þess að ekki er internettenging á heimili 2005




### Tölvu- og internetnotkun einstaklinga

88% nota tölvu og 86% internet


Notkun tölvu og internets er útbreidd meðal almennings á Íslandi. Þannig höfðu nærri níu af hverjum tíu notað tölvu stuttu fyrir könnunina og svipað hlutfall eða 86% notuðu internet á sama tímabili<sup>1</sup>. Nær allir einstaklingar á aldrinum 16–44 ára nota tölvu og internet eða 94–98%. Af einstaklingum á aldrinum 45–54 ára nota 88% tölvu og 85% internet, þrír fjórðu hlutar einstaklinga á aldrinum 55–64 ára eru tölvunotendur og 70% þeirra nota internet. Tölvu- og internetnotkun er minnst útbreidd hjá elsta aldurshópnum en 44% einstaklinga á aldrinum 65–74 ára nota tölvu og 42% þeirra nota internet (mynd 6).

<sup>1</sup> Notkun tölvu- eða internets á innan við þriggja mánaða tímabili fyrir framkvæmd könnunar. Hér eftir verða þeir einstaklingar sem notuðu tölvu eða internet á þessum tíma nefndir *tölvu- og internetnotendur*.

**Mynd 6. Tölvu- og internetnotkun einstaklinga eftir aldri 2005**

*Enginn munur milli karla og kvenna*

Lítill sem enginn munur mælist milli kynja þegar kemur að tölvu- og internetnotkun. Þannig nota 88% karla og 87% kvenna tölvu og 87% karla og 85% kvenna nota internet. Eins og fyrr segir er notkunin útbreiddust meðal einstaklinga yngri en 55 ára og er enginn merkjanlegur munur milli kynja. Konur á aldrinum 55–74 saxa á forskot karlkyns jafnaldrá sinna en munur á tölvunotkun karla og kvenna í þessum aldurshópi var 15 prósentustig árið 2004 og 16 prósentustig skildu í milli kynjanna þegar notkun internets var skoðuð það ár. Árið 2005 er munurinn minni eða rétt 3–4 prósentustig hvort sem um er að ræða notkun tölvu eða internets (mynd 7).

**Mynd 7. Tölvu og internetnotkun einstaklinga eftir kyni og aldri 2005**


*Námsmenn og háskólamenntaðir nota helst tölvu og internet*

Notkun á tölvu og interneti er mismikil eftir atvinnu og menntun svarenda og er algengara er að námsmenn og starfandi fólk noti tölvu og internet en aðrir. Allir námsmenn nota tölvu og internet, af starfandi fólki nota 92% tölvu og 90% internet. Af öðrum einstaklingum notar helmingurinn tölvu og 47% nota internet (mynd 8).



Nær allir einstaklingar með háskólapróf nota tölvu (97%) og internet (95%). Hlutfall tölvu- og internetnotenda meðal einstaklinga með stúdents- eða iðnskóla-próf er einnig hátt en árið 2005 notuðu 89% þeirra tölvu og 87% þeirra internet. Sama gildir um einstaklinga með stystu skólagönguna en átta af hverjum tíu einstaklingum í þeim hópi nota tölvu og sama hlutfall notar internet (mynd 8).

### Mynd 8. Tölvu- og internetnotkun einstaklinga eftir menntun og atvinnu 2005



*Níu af hverjum tíu nota tölvu og internet heima*

Árið 2005 sögðust 92% tölvunotenda hafa notað tölvu heima hjá sér, tæplega 60% notuðu tölvu á vinnustað, 22% í skóla og 29% höfðu notað tölvu annars staðar en að framan greinir. Skiptingin er svipuð þegar kemur að notkun internets en 90% internetnotenda sögðust hafa notað internet heima hjá sér, ríflega helmingur hafði notað það á vinnustað, einn af hverjum fimm notaði miðilinn í skóla og 26% notuðu internet annars staðar en að framan greinir (yfirlit 2).


### Yfirlit 2. Staðsetning tölvu- og internetnotkunar einstaklinga 2005

Hlutfall %	Heima	Í vinnu	Í skóla	Annars staðar
Tölvunotkun	92	57	22	29
Internetnotkun	90	54	20	26

Hlutfall tölvu- og internetnotenda.


*95% nota tölvuna a.m.k. einu sinni í viku og flestir daglega.*

Fjórir af hverjum fimm tölvunotendum nota tölvuna því sem næst daglega og er enginn munur milli kynja. Algengara er að höfuðborgarbúar (83%) noti tölvuna nærri því daglega en fólk sem búsett er á landsbyggðinni (76%). Ef tekið er mið af aldri viðmælanda helst hlutfall þeirra sem notuðu tölvuna nær daglega nokkuð svipað eða um og yfir 80% í öllum aldurshópum nema þeim elsta. Hlutfall einstaklinga á aldrinum 65–74 ára sem notuðu tölvu nær daglega var 65% árið 2005 (mynd 9).

**Mynd 9. Tíðni tölvunotkunar einstaklinga eftir kyni, aldri og búsetu 2005**

*Nær allir internetnotendur nota miðilinn í það minnsta einu sinni í viku*

Þrír af af hverjum fjórum internetnotendum vafra um internetið því sem næst daglega og 94% nota miðilinn einu sinni í viku í það minnsta. Dagleg notkun er algengari meðal höfuðborgarbúa (79%) en íbúa landsbyggðarinnar (70%) og einnig er lítið eitt algengara að karlar (79%) noti miðilinn á hverjum degi en konur (73%). Sjaldgæfast er að einstaklingar eldri en 64 ára noti internetið daglega. Árið 2005 notuðu 59% internetnotenda í þessum aldurshópi miðilinn daglega en sjö af hverjum tíu á aldrinum 45–64 ára og 76–83% yngri en 45 ára vöfrudu því sem næst á hverjum degi um internet (mynd 10).


**Mynd 10. Tíðni internetnotkunar einstaklinga eftir kyni, aldri og búsetu 2005**

*Notkun internets útbreiddust á Norðurlöndum*

Um helmingur íbúa Evrópusambandsins notaði internet árið 2004. Það er nokkuð lægra hlutfall en gengur og gerist á Norðurlöndunum. Það ár notuðu 82% íbúa Svíþjóðar og Íslands miðilinn, þrír af hverjum fjórum Dönum og Norðmönnum og 70% Finna. Í Lúxemborg, Bretlandi og Þýskalandi notuðu 61–65% íbúanna internet, helmingur íbúa Austurríkis og Eistlands og 40% Spánverja. U.þ.b. einn af hverjum þremur íbúum Slóveníu (37%), Lettlands (33%), Kýpur (32%) og Ítalíu (31%) notuðu internet árið 2004 en hlutfallið var 28–29% í Portúgal, Póllandi,

Litháen og Ungverjalandi. Sjaldgæfast var að íbúar Grikklands (20%) og Tyrklands (13%) notuð internet árið 2004 (mynd 11).

### Mynd 11. Internetnotkun einstaklinga í Evrópu<sup>1</sup> 2004



### Rafræn kunnátta einstaklinga

#### Tölvukunnátta einstaklinga

Þeir einstaklingar sem notuðu tölvu á tólf mánaða tímabili fyrir framkvæmd könnunarinnar voru spurðir um það, hverjar af eftirfarandi tölvutengdum aðgerðum þeir hefðu einhvern tímann framkvæmt:

- Tekið afrit af eða fært til skjal eða möppu
- Notað skipanirnar *cut*, *copy* eða *paste* til að fjölfalda eða færa til upplýsingar
- Notað *Excel* eða svipuð forrit til útreikninga
- Þjappað skráum t.d. með *Winzip*
- Búið til tölvuforrit


#### Helmingurinn hefur þjappað skráum og 14% hafa búið til forrit

Ríflega fjórir af hverjum fimm, sem notuðu tölvu á tólf mánaða tímabili fyrir könnun, höfðu tekið afrit eða fært til skjal, möppu eða aðrar upplýsingar og svipað hlutfall hafði notað skipanirnar *copy*, *cut* eða *paste* til að fjölfalda eða færa til upplýsingar í tölvu. Ríflega þrjár af hverjum fjórum höfðu notað sérstök forrit til útreikninga eins og *Excel*. Nokkuð fækkar í hópnum þegar kemur að flóknari aðgerðum eins og þjöppun skráa og forritunarsmíð, en helmingur tölvunotenda hafði prófað að þjappa skráum og 14% höfðu búið til tölvuforrit (mynd 12).

*Karlar frekar en konur í flóknunni aðgerðunum*

Lítið eitt algengara er að karlar (79%) hafi notað forrit til útreikninga en konur (74%). Munur milli kynjanna verður þó meiri þegar kemur að flóknari aðgerðum en árið 2005 höfðu 62% karla notað forrit til að þjappa skrár en 37% kvenna og riflega fimmti hver karl hafði búið til forrit á móti 5% kvenna (mynd 12).

**Mynd 12. Aðgerðir framkvæmdar í tölvu eftir kyni 2005**



*Aðgerðir tengdar interneti*

Allir þeir einstaklingar sem notað höfðu internetið á innan við tólf mánaða tímabili fyrir framkvæmd könnunarinnar voru spurðir um það, hverjar af eftirfarandi nettengdum aðgerðum þeir hefðu einhvern tímann framkvæmt:


- Notað leitarvél til að finna upplýsingar
- Sent tölvupóst með viðhengi
- Sent efni inn á umræðuvefi eða spjallrásir
- Notað internetið fyrir símtöl
- Notað jafningjanet til að skiptast á tónlist, kvikmyndum o.þ.h.
- Búið til vefsíðu

*Fimmti hver hefur verið í talsambandi um internet*

Nær allir, sem notað höfðu internet á tólf mánaða tímabili fyrir framkvæmd könnunar, höfðu notað leitarvél til að finna upplýsingar á interneti og fjórir af hverjum fimm höfðu sent tölvupóst með viðhengi. 35% aðspurðra höfðu sent inn efni á umræðuvefi eða spjallrásir og 21% hafði notað jafningjanet til að skiptast á tónlist, kvikmyndum eða öðru þess háttar. Fimmti hver einstaklingur hafði notað internetið til að ná talsambandi við aðra og rétt tæplega þriðji hver hafði smíðað vefsíðu (mynd 13).


*Algengara að karlar noti spjallrásir og jafningjanet*

Enginn munur er á notkun kynjanna á leitarvélum og sendingum tölvupósts með viðhengi. Fleiri karlar höfðu notað spjallrásir og umræðuvefi eða 40% karla á móti 29% kvenna. Fjórði hver karl hafði einhvern tímann notað internetið til að ná talsambandi við aðra á móti 16% kvenna og 29% karla höfðu skipst á tónlist o.fl. um jafningjanet á móti 12% kvenna. Árið 2005 höfðu þriðji hver karl og 28% kvenna smíðað vefsíðu (mynd 13).

**Mynd 13. Aðgerðir framkvæmdar á interneti eftir kyni 2005**

43% hafa aldrei sótt tölvunámskeið


Af þeim sem notuðu tölvu á tólf mánaða tímabili fyrir framkvæmd rannsóknar, höfðu 43% aldrei sótt tölvunámskeið, 42% sögðu að lengra en ár væri liðið frá síðasta námskeiði og 14% sögðu að minna en tólf mánuðir væru liðnir síðan þau síðast sóttu tölvunámskeið. Mun hærra hlutfall einstaklinga í yngsta aldurshópnum sagðist aldrei hafa sótt tölvunámskeið eða 72% á meðan hlutfallið lá á bilinu 26–47% hjá öðrum aldurshópum. Algengara er að langskólagengið fólk hafi sótt tölvunámskeið á síðustu tólf mánuðum eða 19% á meðan 15% einstaklinga með stúdentspróf eða iðnnám að baki og 10% einstaklinga með stystu skólagönguna höfðu gert slíkt (mynd 14).

**Mynd 14. Sótt tölvunámskeið eftir kyni, aldri og menntun 2005**

Flestir prófa sig áfram sjálfir í tölvunni eða fá hjálp frá öðrum

Þegar spurt var, hvar einstaklingarnir hefðu öðlast tölvu- og internetkunnáttu sína sögðust 39% hafa fengið kennslu í skóla, 30% höfðu sótt tölvunámskeið að eigin frumkvæði og fimmti hver hafði sótt námskeið að frumkvæði eða kröfu atvinnurekanda. Flestir höfðu stundað sjálfnám af einhverju tagi svo sem með aðstoð bóka, geisladiska eða annarra hjálpartækja (30%) eða með því að prófa sig áfram (82%). 70% höfðu lært á tölvu og internet með aðstoð vina, ættingja, skóla- eða vinnufélaga (mynd 15).

### Mynd 15. Uppruni tölvu- og internetkunnáttu einstaklinga 2005



### Tilgangur með notkun internets

#### Stöðugleiki í notkun ákveðinna þátta

Sem fyrr segir er notkun internets afar útbreidd hér á landi. Nærri níu af hverjum tíu nota miðilinn og er hann orðinn hluti af daglegu lífi margra. Líkt og fyrri ár notuðu internetnotendur miðilinn helst til samskipta og upplýsingaleitar árið 2005.<sup>1</sup> (mynd 16).

#### Tölvupóstur, upplýsingaleit, blaðalestur, heimabanki og ferðatengt efni algengast

Árið 2005 notuðu 88% internetnotenda miðilinn til að skiptast á tölvupóstsendingum, 85% leituðu upplýsinga um vörur og þjónustu, þrír af hverjum fjórum lásu vefútgáfur dagblaða og tímarita og 70% nýttu sér internetið til almennra bankaviðskipta í heimabanka. Svipað hlutfall og áður eða 63% internetnotenda notuðu miðilinn í ferðatengdum tilgangi (mynd 16).

#### Ríflega þriðji hver hlustar á útvarp eða horfir á sjónvarp um internet

Helmingur internetnotenda fór inn á spjallrásir o.þ.h. um internet árið 2005 og 16% notuðu miðilinn fyrir símtöl eða fjarfundi. 37% internetnotenda hlustuðu á útvarp eða horfðu á sjónvarpssendingar um internet, þriðji hver sótti sér leiki, tónlist eða myndir og 29% hlóðu niður hugbúnaði af interneti þetta sama ár (mynd 16).

#### Þriðji hver pantar vöru eða þjónustu

Rétt tæplega þriðji hver notandi pantaði vöru eða þjónustu um internet árið 2005 en einungis 7% höfðu notað miðilinn til að selja vöru eða þjónustu. Sama hlutfall eða 7% höfðu notað miðilinn til að stunda annars konar fjármálaviðskipti en hefðbundin bankaviðskipti í heimabanka (mynd 16).

#### Nærri helmingur leitar upplýsinga um heilsu og heilbrigðismál


46% internetnotenda höfðu árið 2005 notað internet til að leita upplýsinga um heilsu og heilbrigðismál, 59% leituðu upplýsinga á vefsíðum opinberra aðila, þriðji hver sótti sér opinber eyðublöð um internet og fjórði hver einstaklingur hafði á þriggja mánaða tímabili fyrir framkvæmd könnunar sent inn útfyllt eyðublöð til opinberra aðila um internet (mynd 16). Þess ber að geta að úthringingum lauk áður en ríkisskattstjóri opnaði fyrir vefskil skattframtals árið 2005. Skv. upplýsingum ríkisskattstjóra var nærri níu af hverjum tíu skattframtölum einstaklinga skilað á rafrænu formi árið 2005.

<sup>1</sup> Sem fyrr voru internetnotendur spurðir um tilgang notkunar á sl. þremur mánuðum fyrir framkvæmd könnunar. Einungis er átt við einkanotkun, ekki notkun í starfstengdum tilgangi.

*Fimmti hver leitar að vinnu um internet*

Árið 2005 höfðu 18% internetnotenda notað miðilinn til að leita að vinnu eða senda inn atvinnuumsóknir og 14% höfðu stundað fjarnám eða sótt endurmenntunarnámskeið með aðstoð internetsins (mynd 16).

**Mynd 16. Tilgangur internetnotkunar í eigin þágu 2005**




*Þrír af hverjum fjórum hafa einhvern tímann átt samskipti við opinbera aðila um internet*

Ef horft er sérstaklega til samskipta einstaklinga við opinbera aðila<sup>1</sup> um internet sögðust 76% internetnotenda einhvern tímann hafa átt í samskiptum við opinbera aðila um miðilinn. Algengara er að karlar (81%) hafi einhvern tímann átt samskipti við hið opinbera um internet en konur (71%) og einnig er algengara að einstaklingar á aldrinum 25–64 ára hafi notað internetið til samskipta við opinbera aðila heldur en þeir sem eru yngri en 25 ára eða eldri en 64 ára. Enginn munur er á notkun höfuðborgarbúa og íbúa landsbyggðarinnar á notkun internets í þessum tilgangi. Algengara er að fólk með lengstu skólagönguna hafi einhvern tímann notað internetið til samskipta við hið opinbera. Árið 2005 höfðu nærri níu af hverjum tíu einstaklingum með háskólapróf gert slíkt en 78% einstaklinga með stúdentspróf eða iðnnám að baki og 63% einstaklinga með stystu skólagöngu að baki höfðu notað internet til samskipta við opinbera aðila (mynd 17).

<sup>1</sup> Með opinberum aðilum er átt við stofnanir ríkis og sveitarfélaga.

**Mynd 17. Samskipti einstaklinga við opinbera aðila um internet eftir kyni, aldri, búsetu og menntun 2005**




### Vandamál og varúðarráðstafanir við notkun internets

#### Ruslpóstsendingar algengar

Fjórir af hverjum fimm einstaklingum sem notuðu internet undanfarna tólf mánuði fyrir könnun höfðu upplifað einhver vandamál tengd notkuninni á þessu tímabili. Algengast var að fólk hefði fengið óumbeðnar tölvupóstsendingar eða ruslpóst en 77% höfðu upplifað slíkt. Þriðji hver hafði fengið vírus í tölvuna sem olli tapi á upplýsingum eða vinnutíma. Önnur vandamál, eins og rangar færslur á kortareikning eða misnotkun persónuupplýsinga, voru mun sjaldgæfari en árið 2005 höfðu 4% séð rangar færslur á kortareikningum sínum og einungis 2% höfðu upplifað misnotkun persónuupplýsinga. 2% aðspurðra sögðust hafa lent í annars konar vandamálum en að framan greinir (mynd 18).

**Mynd 18. Vandamál við notkun internets 2005**





*Níu af hverjum tíu gerir varúðarráðstafanir*

Árið 2005 voru 39% þeirra, sem notuðu internet heima hjá sér þrjá undanfarna mánuði fyrir könnun, bæði með vírusvörn og eldvegg, 46% höfðu einungis vírusvörn og 5% voru einungis með eldvegg. Þetta þýðir að níu af hverjum tíu einstaklingum sem notuðu miðilinn heima hjá sér árið 2005 höfðu gert einhverjar varúðarráðstafanir til að tryggja flutning gagna um internet (sjá nánar í töflu 21).

*Meirihlutinn uppfærir öryggisvarnir sínar reglulega*

Að sama skapi er algengt að einstaklingar uppfæri öryggisvarnir sínar eða sjái til þess að þær uppfærast sjálfkrafa. Árið 2005 höfðu 72% einstaklinga, sem notuðu internet heima hjá sér ýmist sett upp eða uppfært öryggisvarnirnar eða notfært sér sjálfvirka uppfærslu á þriggja mánaða tímabili fyrir framkvæmd könnunar (sjá nánar í töflu 22).

*Ríflega þrír af hverjum fjórum nota rafrænt auðkenni*


Af þeim einstaklingum sem notað höfðu internet á tólf mánaða tímabili fyrir framkvæmd könnunar árið 2005 höfðu 77% einstaklinga notað lykilorð, leylinúmer eða rafræna undirskrift til að tryggja öryggi sitt við notkun miðilsins (sjá nánar í töflu 23).

## Rafræn verslun


*Stígandi í rafrænni verslun*

Frá því að Hagstofan hóf mælingar sínar árið 2002 hefur hlutfall einstaklinga á aldrinum 16–74 ára, sem panta eða kaupa vörur eða þjónustu á rafrænan hátt, farið vaxandi. Munurinn milli árana 2002 og 2005 er 11 prósentustig en árið 2005 var hlutfall einstaklinga sem höfðu pantað eða keypt vöru eða þjónustu um internet á innan við þriggja mánaða tímabili fyrir framkvæmd rannsóknar 28% á móti 17% árið 2002 (mynd 19).

### Mynd 19. Kaup um internet á sl. þremur mánuðum 2002–2005




Hlutfall einstaklinga sem keyptu rafrænt er hærra ef litið er til lengri tíma eða tólf mánaða í stað þriggja. Þannig höfðu 44% allra einstaklinga á aldrinum 16–74 ára notað internetið til innkaupa á tólf mánaða tímabili fyrir framkvæmd könnunar árið 2005. Fleiri karlar en konur höfðu keypt um internet eða 50% karla á móti 38% kvenna. Fólki yngri en 55 ára er mun líklegri til að panta og kaupa vörur eða þjónustu um internet en þeir sem eldri eru, en 52–59% karla og 41–45% kvenna yngri en 55 ára höfðu gert slíkt árið 2005 en 23% karla og 17% kvenna á aldrinum 55–74 ára (mynd 20).

**Mynd 20. Kaup um internet á sl. tólf mánuðum eftir kyni og aldri 2005**


*Algengast að háskólamenntaðir kaupum um internet*

Árið 2005 höfðu 46% einstaklinga með háskólamenntun keypt vöru eða þjónustu um internet á þriggja mánaða tímabili fyrir framkvæmd könnunar og tveir af hverjum þremur háskólamenntuðum höfðu keypt um internet á 12 mánaða tímabili fyrir könnun. Af einstaklingum með stúdentspróf eða iðnnám að baki höfðu 28% pantað eða keypt vörur eða þjónustu um internet á síðustu þremur mánuðum og 45% þeirra gert slíkt á tólf mánaða tímabili fyrir framkvæmd könnunar. 29% einstaklinga með stystu skólagönguna höfðu pantað eða keypt um internet á tólf mánaða tímabili fyrir könnun og 16% þeirra höfðu gert slíkt á þriggja mánaða tímabili fyrir framkvæmd könnunar (mynd 21).

**Mynd 21. Kaup um internet eftir menntun 2005**

*Rafræn kaup einstaklinga í öðrum Evrópulöndum árið 2004*

Árið 2004 var hlutfall Evrópubúa sem notað höfðu internet til vöru- eða þjónustukaupa hæst í Lúxemborg (32%), Noregi (31%), Svíþjóð (30%), Þýskalandi (29%) og Bretlandi (28%). Þetta sama ár hafði fjórði hver Íslendingur pantað vöru eða þjónustu á rafrænan máta. Hlutfall Finna og Dana sem verslað höfðu á rafrænan máta var svipað eða 24% í Finnlandi og 22% í Danmörku. Hlutfall í öðrum löndum var nokkru minna en að meðaltali höfðu 17% íbúa hinna 25 aðildarríkja Evrópusambandsins notað internetið til vöru- eða þjónustukaupa árið 2004 (mynd 22).

**Mynd 22. Kaup Evrópubúa um internet á sl. þremur mánuðum 2004**

*Mesta aukningin í kaupum á aðgöngumiðum á viðburði*

Vöruval fólks helst nokkuð stöðugt milli áronna 2004 og 2005. Bæði árin var vinsælast að panta eitthvað ferðatengt svo sem farmiða eða gistingu en 71% þeirra, sem nýttu sér rafrænan verslunarmáta, pöntuðu slíkt árið 2005. Næstvinsælasta vöruflokkinn skipa bækur, tímarit og fjarkennsluefni en ríflega þriðjungur aðspurðra hafði pantað slíkt um internet. 28% pöntuðu sér tónlist eða kvikmyndir og fimmti hver pantaði föt, skó eða íþróttavörur. Kaup á aðgöngumiðum á viðburði jukust talsvert milli ára. Árið 2005 hafði fjórði hver pantað miða á rafrænan máta á móti 13% árið 2004 (mynd 23).


*Tíundi hver kaupir tölvuvélbúnað um internet*

Fimmti hver pantaði hluti til heimilisins aðra en raftæki árið 2005 á rafrænan máta, 19% höfðu pantað hugbúnað eða leiki fyrir tölvur, tíundi hver pantaði tölvuvélbúnað eða prentara og svipað hlutfall eða 11% aðspurðra höfðu pantað raftæki eða myndavélar um internet þetta sama ár (mynd 23).

*Sjaldgjæft að verslað sé í matinn um internet*

Um 12% einstaklinga á aldrinum 16–74 ára höfðu notað internet til að nálgast happdrættismiða, Lottó eða annað slíkt árið 2005 og 7% höfðu pantað hlutabréf, tryggingar eða annað tengt fjármálum á rafrænan máta. Sem fyrr er sjaldgjæfast að fólk panti mat eða hreinlætisvörur um internetið, en árið 2005 höfðu einungis 5% aðspurðra gert slíkt. 7% aðspurðra höfðu notað internetið til að panta annað en að framan greinir (mynd 23).


### Mynd 23. Vörur og þjónusta keypt um internet 2004 og 2005



#### Vöruval eftir búsetu

Ekki er mikill munur á vöruvali fólks eftir búsetu. Þó var algengara að höfuðborgarbúar en íbúar landsbyggðarinnar hefðu pantað farmiða eða annað ferðatengt, bækur, tímarit eða fjarkennsluefni sem og aðgöngumiða á viðburði um internet árið 2005. Á hinn bóginn var algengara að íbúar landsbyggðar hefðu pantað tónlist eða kvikmyndir, föt, skó eða íþróttavörur sem og ýmsa hluti til heimilisins aðra en raftæki á rafrænan máta árið 2005 (mynd 24).

### Mynd 24. Vörur og þjónusta keypt um internet eftir búsetu 2005




#### Rafræn afgreiðsla ákveðinna vörutegunda

Einstaklingar, sem keyptu tónlist, kvikmyndir, bækur, tímarit, fjarkennsluefni, hugbúnað eða tölvuleiki, voru spurðir, hvort eitthvað af þessum vörum hefði verið afgreitt á rafrænan máta. Um helmingur þeirra sem keyptu tónlist, kvikmyndir,

bækur, tímarit eða fjarkennsluefni um internet sögðu svo hafa verið. Algengast var þó að fá tölvuhugbúnað eða tölvuleiki afgreidda á rafrænan máta en þrír af hverjum fjórum sem keypt höfðu slíkt um internet árið 2005 sögðust einnig hafa fengið rafræna afgreiðslu vörunnar (mynd 25).

**Mynd 25. Rafræn afgreiðsla ákveðinna vörutegunda 2005**




*Uppruni söluaðila*

Þeir sem keyptu um internet á tólf mánaða tímabili fyrir framkvæmd könnunar árið 2005 voru spurðir hvaðan þeir þekktu söluaðila eða þjónustuaðila vörunnar. 71% svaraði því svo að söluaðilar væru þekktir utan internets, væru t.d. með hefðbundnar verslanir eða sölustaði. Ríflega helmingur eða 55% einstaklinga sem keyptu um internet árið 2005 sögðust hafa fundið seljandann við leit á interneti (sjá nánar í töflu 28).

*69% hafa ekki upplifað nein vandamál við kaup um internet*

Sjö af hverjum tíu einstaklingum sem keypt höfðu um internet á tólf mánaða tímabili fyrir framkvæmd könnunar árið 2005 sögðu ferlið hafa gengið vandræðalaust fyrir sig. 12% sögðu afgreiðslutíma hafa verið lengri en upp var gefið, 10% fannst erfitt að finna upplýsingar um vöruábyrgð, 8% sögðu endanlegt verð hafa verið hærra en gefið var upp og 6% sögðu sendingarkostnað hafa á endanum verið hærri en væntanlegt var. 4% þeirra sem versluðu um internet töldu að öryggi við greiðslu hefði verið ábótavant, sama hlutfalli einstaklinga fannst erfitt að bera fram kvartanir og fá úrbætur mála og 2% töldu sig ekki hafa fengið ásættanleg svör við kvörtunum. 3% höfðu upplifað að fá ranga vöru senda heim og 2% höfðu fengið skemmda vöru senda heim (mynd 26).


### Mynd 26. Vandamál tengd kaupum um internet 2005



*Af hverju kaupir fólk ekki um internet?*

Um helmingur þeirra sem ekki hafði keypt um internet á tólf mánaða tímabili fyrir framkvæmd könnunar árið 2005 sagðist ekki hafa neina þörf fyrir að kaupa vörur eða þjónustu á þennan máta. Ríflega þriðjungur sagði ástæðuna vera þá, að þeir vildu heldur fara á staðinn þar sem varan eða þjónustan væri í boði og fjórði hver treysti internetinu ekki fyrir upplýsingum um reiknings- eða kortanúmer sín. 15% sögðust ekki kunna að kaupa um internet, svipað hlutfall eða 14% kunnu því illa að setja persónuupplýsingar á internetið og 9% höfðu ekkert nothæft greiðslukort til að stunda netviðskipti. 5% sögðust ekki treysta því að fá rétta vöru senda og óttuðust að geta þá hvorki kvartað né skilað vörunni til baka. Einungis 2% nefndu að internettenging þeirra væri of hægsvirk til að hægt væri að stunda rafræn viðskipti og 1% taldi þennan verslunarmáta of kostnaðarsaman. 9% aðspurðra sögðu ástæðuna vera aðra en að ofan greinir (mynd 27).

### Mynd 27. Ástæður þess að ekki var keypt um internet 2005



## Töflur

Hér á eftir fylgja töflur þar sem hægt er að skoða niðurstöður nánar. Niðurstöður mælinga á tæknibúnaði á heimilum eru settar fram eftir búsetu, heimilisgerð og tekjum heimilis og niðurstöður mælinga á notkun einstaklinga á tölvum og interneti eru settar fram eftir kyni, aldri, búsetu, menntun og atvinnu.

## Merking tákna

- núll, þ.e. ekkert;
- 0 talan er minni en helmingur þeirrar einingar sem notuð er.
- ... upplýsingar vantar eða niðurstaða ekki marktæk

**Tafla 2. Tæknibúnaður á heimilum eftir búsetu, heimilisgerð og tekjum heimilis 2005**

Hlutfall heimila	Sjónvarp	Tölva	Myndbands- tæki	DVD spilari	MP3- spilari
<b>Alls</b>	<b>98</b>	<b>89</b>	<b>90</b>	<b>74</b>	<b>28</b>
<b>Búseta</b>					
Höfuðborgarsvæði	97	90	90	75	31
Landsbyggð	98	88	90	73	24
<b>Heimilisgerð</b>					
Heimili án barna yngri en 16 ára	97	83	87	65	23
Heimili með barn/börn yngri en 16 ára	98	97	93	85	34
<b>Tekjur heimilis í ísl. krónum</b>					
0–149 þúsund	92	62	74	42	13
150–299 þúsund	97	82	87	63	15
300–449 þúsund	99	96	94	81	31
450–599 þúsund	99	96	92	87	37
600–749 þúsund	98	98	95	83	43
750 þúsund eða meira	99	99	93	85	38

<sup>1</sup> Átt er við farsíma almennt bæði með og án möguleika á tengingu við internetið.

**Tafla 3. Nettengd heimili í Evrópu 2004**

	Hlutfall heimila		Hlutfall heimila
Austurríki	45	Kýpur	53
Bretland	56	Lettland	15
Búlgaría	10	Litháen	12
Danmörk	69	Lúxemborg	59
Eistland	31	Noregur	60
Evrópusambandið 25	42	Portúgal	26
Evrópusambandið 15	45	Pólland	26
Finnland	51	Slóvenía	47
Frakkland	34	Spánn	34
Grikkland	17	Tyrkland	7
Írland	40	Ungverjaland	14
Ísland	81	Þýskaland	60
Ítalía	34		

Heimild: Eurostat.



